

Samkeppniseftirlitið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2016

Efni: Frummatsskýrsla Samkeppniseftirlitsins um eldsneytismarkaðinn.

Samtök verslunar og þjónustu fengu umrædda skýrslu til umsagnar. Skýrsla þessi er mjög mikil að vöxtum, enda farið ítarlega yfir sögu og þróun eldsneytismarkaðarins á Íslandi. Samtök atvinnulífsins hafa skilað umsögn þeirra samtaka um skýrsluna til Samkeppniseftirlitsins. Í þeirri skýrslu koma fram sömu sjónarmið og SVP hafa til málsins, sem ástæðulaust er að endurtaka hér.

Það sem SVP vill þó sérstaklega nefna í þessu sambandi er umfjöllun frummatsskýrslunnar um aðraganda þess að lög nr. 14/2011 voru sett, en með þeim lögum var Samkeppniseftirlitinu veitt heimild til að grípa inn í starfsemi fyrirtækja, án þess að fyrir lægi nokkuð um það lög hefðu verið brotin. Eins og Samkeppniseftirlitinu er vel kunnugt, var þessi lagasetning mjög umdeild svo ekki sé fastar að orði kveðið. Samtökin sjá því ástæðu til að benda sérstaklega á í þessu sambandi að sú gagnrýni sem sett var fram í aðdraganda þess að l. nr. 14/2011 voru sett, á við enn í dag. Dugar í því sambandi að benda á að þær umsagnir sem Alþingi fékk á sínum tíma um frumvarp til þeirra laga voru flestar mjög neikvæðar.

Að öðru leyti vísa SVP til umsagnar SA um frummatsskýrsluna, en sú umsögn var send Samkeppniseftirlitinu með bréfi 26. febrúar s.l.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri